

Fundur 10.3.2025 Jadon Jai Palestínumaður, var uppi þúsund árum fyrir Krist.

Góða kvöldið, sælt veri fólkið, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Langt er síðan ég kom fyrst á þá hnetti, þar sem ég fór að verða fastur gestur í slíkum stjörnusambandsstöðvum, þar sem fram var mælt mál til annara líkt og ykkar.

Og voru það mér mikil viðbrigði frá þeim fyrri tilveru sviðum og jarðlífs vistum þar sem ég hafði dvalið og aldrei hugsað til stjarnanna að ráði.

En hafði ég barist um fjölmörg æviskeið og svo mörg að ég hætti að telja þau, en taldi skiptin á milli tilveru hringjanna eða framlífs jarðanna óhjáækæmilegan fylgifisk af því, að fá bana í stríði, og eftir mikil átök á þeim fyrri framlífs jörðum sem ég hafði dvalið á.

Er nú langt síðan áhugi minn vaknaði á því að fræðast um lífið og tilveruna, og fræða aðra um það sama, og fékk ég þá áhuga á minni eigin fortíð og minni eigin sögu og þjóðar minnar.

Og voru ýmsar minningar mínar grafnar djúpt í vitund minni frá jarðvist minni á ykkar jörð og fyrstu framlífs vistum mínum í kjölfarið og var þar að finna ástæðurnar fyrir því sem kalla mætti vítahring, yfir á helstefnu jarðinnar og svo á svo lítið skárri jarðir aftur til skiptis, þar til ég losnaði úr þeim vítahring og fór að lifa betra lífi og fyrirgefa mér og öðrum og stunda friðsamlegra líferni, og kærleiksríkara, og bæta fyrir þessar misgjörðir sem fylgdu þessum óheppilegu tilveru skeiðum.

Þegar ég var á ykkar jörð, leit ég undan þegar Drottinn mælti og heyrði ég af því sögur frá öðrum, hvernig útlits hann væri, og vildi ég ekki leggja trúnað á það.

En vann ég áfram við mína iðn og var það langt hjónaband og farsælt, og hún af þeim ættbálki sem hafði reikað um í eyðimörkinni, og lagt trúnað á þennan undarlega Guð sem gat stjórnað hugum mannanna og dáleitt þá, og fengið þá út í stríð með sér, og gat kastað eldi og brennisteini yfir óvini þeirra, og gefið þeim sigur í styrjöldum.

Og menn hræddust hann allir sem einn, en var ég af ættbálki sem hafði verið heiðinn frá örófi alda og smíðuðum við vopn og annað slíkt, en varð ég að kvænast inn í þessa ætt og trúarbrögð.

Og á gamals aldri var ég orðinn sannfærður sjálfur, en gerðum við stundum grín að þessu, sem yngri menn, en hræddumst engu að síður, og fór sá söfnuður vaxandi, og vissum við að hann vildi ná heimsyfirráðum.

Hef ég löngu síðar á framlífs jörðum þessum á framfara braut lífstefnunnar, rifjað upp þessar minningar, og höfum við rakið spor hans um marga framlífs hnetti en ekki fundið, og er þar mikil leynd á ferðinni, en höfum við frétt af skákmanninum sem náði að stöðva veldi hans um skeið.

Já ég er hér á lífstefnu hnetti og við höfum reynt að milda samskiptin á milli þjóðanna, var ég um langt skeið það sem þið kallið Palestínumaður, og er það væntanlega enn, en við erum sömu þjóðar og Gyðingar sem við börðumst við um mjög langt skeið.

Erum við af sömu ættbálkunum á þessum slóðum, en skiptumst í þessa hópa þegar trúin á Jahve kom upp, og er hann sá sem ég var að lýsa hér í upphafi.

En höfum við nú samið frið á milli þjóða okkar og erum á framfara brautinni, og vildi ég koma með nafn mitt, Palestínumaður Jadon Jai, var ég uppi meira en þúsund árum fyrir Krist í Palestínu, og hirðingi um skeið sem settist að við málminnsu.

Jadon Jai Palestínumaður.

Erum við hér komin á framfara braut og vinnum saman með þeim sem við áður börðumst við, og höfum við lagt ágreining trúarbragðana til hliðar, og tekið upp önnur trúarbrögð heiðin.

Sem ég nefni ekki hér að sinni, en eru það okkar fornu Guðir, El og Bal og fleiri, og gengur okkur ágætlega á þeirri framlífs braut.

Og vil ég óska að ættingjar mínir muni með sama hætti leggja niður vopnin og stofna til friðar og kannski láta niður þau trúarbrögð sem hafa valdið böli.

Já hér er margt að segja, en þakka ég fyrir mig og gott hljóð og verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir fróðlega sögu, vertu blessaður og sæll.*